

Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál

2024



LAUGALANDSSKÓLI
HOLTUM

Inngangur

Í grunnskólalögum (16.gr.) er kveðið á um að skólar skuli útbúa móttökuáætlun vegna nýrra og erlendra nemenda sem hefja nám í grunnskólum landsins. Veita skal foreldrum og nemendum greinargóðar upplýsingar um skólastarfið og greina þeim frá rétti þeirra til þjónustu túlka og ráðgjafar almennt um skólastarfið.

Þegar nemendur með annað tungumál en íslensku hefja nám við Laugalandsskóla fer fram móttökuvíðtal. Í því viðtali eru stjórnandi, umsjónarkennari, hugsanlega túlkur sé því viðkomandi og aðrir sé metið að þess gerist þörf. Markmið móttökuvíðtals er tvíþætt, annars vegar að afla upplýsinga um nemandann og hins vegar að veita upplýsingar um skólastarfið. Stuðst er við innritunar- eyðublað (sjá í fylgigögnum) og gátlista.

Mikilvægt er að í skólanum ríki almennt jákvætt viðhorf til fjölmenningar og að litið sé á að hver nemandi hafi eitthvað fram að færa til að auðga skólastarfið. Starfsmönnum skólans ber einnig að kynna sér aðferðir og leiðir til að styðja þá í starfi.

Innritun

- Foreldrar koma í skólann og innrita nemanda í skólann eða með símtali við skólastjóra/stjórnendur.
- Boðað í móttökuvíðtal (dagsetning og tími) og foreldrar/forráðmenn upplýstir um hvaða gögn þau þurfa að koma með í viðtalið eða við fyrsta hentugleika, varðandi skólagöngu, t.d. greiningarskjöl, einkunnir og heilsufarsupplýsingar s.s. ofnæmi o.fl.
- Afhent víðtalsblað 1 (skráning í mentor - nafn, fæðingarár, þjóðerni, tungumál, símanúmer foreldra o.fl.) sem foreldrar/forráðamenn kom með útfyllt í viðtalið eða fyllt er út með aðstoð túlks í viðtalinu.

Undirbúningur viðtals

- Umsjónarkennara tilkynnt um væntanlegan nemanda og hvenær móttökuvíðtal fer fram.
- Stjórnendandi velur/velja starfsmenn sem eiga að sitja í viðtalinu.
- Alltaf þarf að hafa stjórnanda og umsjónarkennara í viðtalinu. Hverju sinni þarf að meta hvort þörf sé á að kalla til aðra aðila.
- Stjórnandi pantar túlk ef þörf er á og foreldrum greint frá þeirri þjónustu.
- Umsjónarkennari undirbýr nemendur fyrir komu nýs nemanda og tilkynnir jafnframt öðrum kennurum sem kenna honum um komu hans.
- Umsjónarkennari velur nemendur sem munu skipa vinateymi nemandans í skólanum og í frímínútum fyrstu dagana eða eins lengi og þurfa þykir. Eins til að aðstoða við myndun félagstengsla.
- Umsjónarkennari/stjórnandi safnar saman þeim gögnum sem afhent verða í viðtalinu:
 - innritunareyðublað

- stundaskrá/hópar
- skóladagatal
- skólanámskrá
- upplýsingabækling um skólann
- upplýsingar um stoðþjónustu skólans:
 - skólaþjónusta
 - félagsþjónusta
 - heilsugæsla

- eyðublað sem samþykkir myndbirtingu á heimasíðu skólans
- aðgang í Mentor

Skrifa þarf fundargerð eftir viðtöl og halda til haga í nemendamöppun.

Móttökuviðtal

Helstu þættir sem komið er inn á í viðtalinu:

- Skólareglur og tilkynningar varðandi veikindi og leyfi. Upplýsingar um skóladagatal, stundatöflu, umsjónarbekk, námsgögn og heimanám.
- Upplýsingar um sund og íþróttatíma (fatnaður).
- Upplýsingar um Mentor og heimasíðu skólans. Ræða mikilvægi þess að foreldrar fái upplýsingar frá skólanum.
- Upplýsingar fengnar um fyrri skólagöngu, námsárangur og áhugamál.
- Upplýsingar um mötuneyti og ávaxtastund/nestistíma.
- Upplýsingar um stoðþjónustu skólans (sérkennsla, aðstoð við heimanám, skólahjúkrunarfræðingur).
- Upplýsingar um skólaþjónustu (sálfræðingur, námsráðgjafi, kennsluráðgjafi).
- Upplýsingar um íþrótt-, félags- og tómstundastarf á heimasíðu Rangárþings ytra.
- Frímínútur og útivist (klæðnaður sem hæfir veðri).
- Skólaakstur ef við á.
- Upplýsingar Dagskóla ef nemandi er í 1. – 4. bekk.
- Upplýsingar um facebook síðu foreldrafélags Laugalandsskóla
- Upplýsingar um hlutverk foreldratengla
- Viðburðir skólans útskýrðir eftir því sem á við. – farið yfir skóladagatal
- Foreldrar/forráðamenn fylla út eyðublað með öllum mikilvægum upplýsingum sem við koma barninu.
- Ef nemandi er ekki kominn með kennitölu er minnt á mikilvægi þess að hún berist sem allra fyrst.
- Samþykki foreldra um myndbirtingar á heimasíðu skólans.

- Aðlögun sett upp fyrir fyrstu daga í skóla. Foreldri fylgir barni eftir fyrst í stað eða eins lengi og þurfa þykir.
- Að viðtali loknu er gengið um skólann og nemanda og foreldrum sýnt skólahúsnæðið, mötuneyti og íþróttahús.

Fyrstu dagar í skóla

- Stjórnandi sendir tölvupóst á alla starfsmenn skólans þar sem vakin er athygli á að nýr nemandi sé væntanlegur.
- Umsjónarkennari sér um að koma nauðsynlegum upplýsingum um nemandann til allra þeirra sem koma að viðkomandi nemanda.
- Umsjónarkennari vinnur verkefni með nemendum bekkjarins að orðabók og/eða merkja hluti í stofunni á íslensku. Prentar út myndir og nöfn af bekkjarfélögum til að hengja upp í stofunni til að hjálpa nemandanum við að læra nöfnin. Kynna heimaland og fána nemandans fyrir bekknum. Læra að skrifa og bera fram nafn hans á réttan hátt. Leggja áherslu á að tala frekar íslensku en ensku við nemandann. Vinaliði/teymi er/eru fyrstu dagana til að fylgja nemandanum um skólann og aðstoða nemandann inni í bekk.
- Athugun á námslegri stöðu nemandans: Stærðfræði, ensku, íþróttum/sundi, list og verkgreinum. Mælt er með því að nota Stöðumat fyrir erlenda nemendur sem útgefið var af Menntamálastofnun. <https://mms.is/stodumat-fyrir-erlenda-nemendur> Umsjónarkennari ber ábyrgð á því að námsmat fari fram í samráði við stjórnendur. Sjá nánar *Aðalnámskrá grunnskóla – Íslenska sem annað tungumál bls.106-109*. Námið þarf að vera markvisst og byggja á einstaklingsáætlun.(Sjá handbók fyrir kennara <http://erlendir.akmennt.is/>)
- Hér er að finna ganglegan vef með atriðum sem gott er að hafa til hliðsjónar við námsmat. http://tungumalatorg.is/sk/files/2013/08/gatlisti_namsmat.pdf
- Mikilvægt að allir starfsmenn, sérstaklega í gæslu frímínútna og búningasklefum fylgist með nýja nemandanum, gefi sig á tal við hann og styðji eftir þörfum t.d. í leikjum og íþróttum

Eftirfylgni

- Stöðufundur eftir 6 – 8 vikur með umsjónarkennara, nemanda og foreldrum hans ásamt öðrum sem málið gæti varðað. Markmiðið er að rifja upp það sem áður hefur komið fram og kynna námsgögn og verkefni nemandans (viðtalsblað 2).
- Hvetja foreldra til þess að mæta á foreldrafundi og vera virkir þátttakendur í skólastarfinu og íslensku samfélagi.
- Hvetja foreldra til móðurmálskennslu.
- Teymi stofnað ef þurfa þykir.
Einstaklingsnámskrá í íslensku og öðrum greinum ef þurfa þykir.
Félagsleg staða – vinatengsl, tómsundur og félagsstarf.
Stöðumat á íslenskukunnáttu.

Fylgigögn

Fyrri viðtal

Fyrri viðtal – innritun

Vegna ólíkra tungumála og menninga er leitast við að fá ítarlegar upplýsingar um bakgrunn nemandans. Það er gert til þess að skólinn geti betur mætt þörfum hans og fjölskyldu hans.

Nafn nemanda: _____

Heimilisfang: _____

Kennitala: _____

Upprunaland: _____

Móðurmál: _____

Ofnæmi og aðrar heilsufarsupplýsingar: _____

Foreldrar/forráðamenn:

Nafn foreldris: _____

Kennitala: _____

Netfang og símanúmer: _____

Móðurmál og upprunaland: _____

Nafn foreldris: _____

Kennitala: _____

Netfang og símanúmer: _____

Móðurmál og upprunaland: _____

Við hvern á að hafa samband ef ekki næst í foreldra:

Nafn: _____

Tengsl: _____ Símanúmer: _____

Fyrri skólaganga:

Leikskóli _____ ár

Grunnskóli _____ ár

Almennt gengi (námslegt/félagslegt) í skóla í heimalandi:

Skilur og/eða talar nemandinn önnur mál en móðurmál?

Er nemandi læs á móðurmáli og/eða öðru tungumáli, og þá hvaða?

Á nemandi við einhverja námsörðugleika að stríða?

Ef já, þá hverja? _____

Liggur greining (t.d. sálfræðimat/námsleg greining) að baki?

Fjölskylduaðstæður

Hvaða tungumál eru töluð á heimilinu?

Ef enginn talar íslensku eða ensku í fjölskyldunni er þá einhver tengdur fjölskyldunni sem talar þau tungumál?

Annað:

Nánar um nemandann:

Áttu vin(i) á Íslandi? _____

Þekkir þú önnur börn í skólanum? ? _____

Stundaðir þú íþróttir eða tókst þú þátt í félagsstarfi í heimalandi þínu, og þá hvaða?

Hefur þú áhuga á að taka þátt í einhverskonar tómstundastarfi hér á landi, og þá hvaða?

Hefur þú farið í sund? _____ Hefur þú lært að synda? _____

Hver eru áhugamálin þín? _____

Annað sem foreldrar eða nemandi vilja að komi fram?

Dagsetning viðtals: _____

Viðtalið sátu:

Seinna viðtal

Seinna viðtal

Til að fylgja nemanda eftir fyrstu skrefin í skólanum er boðað til annars viðtals 6-8 vikum eftir að nemandi hefur skólagöngu. Þá er staðan tekin og næstu skref ákveðin.

Upplifun nemanda:

- Hvernig hefur gengið/hvernig líður þér í skólanum?
- Hefur þú eignast vini/félaga?
- Hvernig gengur þér að skilja til hvers er ætlast?
- Skilur þú hvað þú átt að gera í skólabókum?
- Skilur þú stundatöfluna og hvert á að fara/hvar á að vera?
- Myndir þú vilja stunda eitthvað félagsstarf?
 - Þarf nemandinn aðstoð við að komast í slíkt?
- Er eitthvað sérstaklega erfitt?
- Er eitthvað sérstaklega skemmtilegt?
- Myndir þú vilja breyta einhverju/gera eitthvað öðruvísi?

Annað sem nemandi vill að komi fram? _____

Upplifun foreldra:

- Skilningur á því sem fer fram s.s. stundatafla, viðburðir, heimanám o.s.frv.
- Upplifa þau nemandann ánægðan?
- Hafa foreldrar kynnst öðrum foreldrum í nemendahópnum?
- Er eitthvað sérlega erfitt eða óskiljanlegt?
- Er eitthvað sérlega jákvætt eða gott?
- Munu þau vilja breyta einhverju/gera eitthvað öðruvísi?

Annað sem foreldrar vilja að komi fram? _____

Mat skólans á hvernig hefur gengið:

- Leggja fram námsbækur, verkefni, stöðumat o.s.frv. til kynningar og frekari útlistingar fyrir nemanda og foreldra. Fara í skipulagsbók og útskýra hvernig hún er hugsuð.
- Spyrja út í hvort um sambærilegt efni sé að ræða og nemandi var með í heimalandinu.
- Fara yfir t.d. verklegar greinar og bjóða upp á spurningar þar að lútandi.

Í framhaldinu:

Hvað verður gert/hvernig verður unnið í framhaldinu o.s.frv.

Dagsetning viðtals: _____

Viðtalið sátu:

Ýmsar hagnýtar vefsíður

- Á vefsíðu Reykjavíkurborgar er að finna orðalista og ýmsar hagnýtar tilkynningar til foreldra á ýmsum tungumálum: <http://reykjavik.is/skilabod-fra-skola-0>
- Tungumálatorg: <http://tungumalatorg.is/velkomin/>
- Fjölmenningssetur: <http://www.mcc.is/islenska/laera-islensku/namsefni>
- Inni á vef skólaskrifstofu Akureyrar er að finna mikið af hagnýtu efni. <http://erlendir.akmennt.is/>
- Leikur að íslenskum orðum – hentar öllum byrjendum http://vefir.mms.is/lao_is/
- Torg Kópavogsbæjar með safni af alls kyns efni fyrir kennara í Kópavogi
- Orðasjóður <http://vefir.mms.is/ordasjodur/index.htm>
- <http://www.ismennt.is/not/thorri/aframislenska.htm>
- Íslenska fyrir alla 1, 2, 3 og 4: <http://tungumalatorg.is/ifa/>
- HANDBÓK UM MÓTTÖKU NEMENDA MEÐ ANNAÐ MÓÐURMÁL EN ÍSLENSKU Í LEIK- OG GRUNNSKÓLA KÓPAVOGS
- “Viltu læra íslensku?” - Sjónvarpsþættir og æfingar: http://tungumalatorg.is/viltu_laera_islensku/
- <http://paxel123.com/is/> hentar vel fyrir yngstu nemendur og byrjendur
- Fræðsluskot eru aðferðir eða hagnýt verkfæri fyrir alla kennara sem starfa í fjölmenningslegu kennsluumhverfi.- <http://fraedsluskot.wixsite.com/heim>
- Tungumál er gjöf – vefur fyrir leikskólakennara <http://www.tungumalergjof.com>
- Allir með en enginn eins – fjölmennig í leikskóla <http://reykjavik.is/allir-med>
- Verkefni af leikskólanum Krílakoti á Dalvík til að efla foreldrasamskipti <https://www.dalvikurbyggd.is/krilakot/verkefni/soguskjodur>
- Gæðum orðin lífi: hvernig hjálpum við nemendum að tileinka sér orðaforða námsgreina http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Gaedum_ordin_lifi.pdf